

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 983/2010

2012/EES/32/46

frá 3. nóvember 2010

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningflugum sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 ⁽²⁾, viðurkennir framkvæmdastjórnin jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum með þeim skilyrðum að viðmiðanir sem settar eru fram í þeirri reglugerð séu uppfylltar.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Bandaríkin uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009.
- 3) Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi landsyfirvöldum, sem bera ábyrgð á flugvernd, ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að

flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd.

- 4) Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkja tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur trúverðugar upplýsingar um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að viðeigandi, flugverndarkröfur, þ.m.t. aðrar ráðstafanir sem þriðja landið beitir verði aftur jafngildar.
- 5) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 ⁽³⁾ til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningflugum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á XIII. við auka (Flutningastarf semi) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi færslu og eftirfarandi öðrum og þriðja undirlið er bætt við í fylgiskjali 3-B í 3. kafla:

„Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi landsyfirvöldum ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur sem þriðja landið beitir séu aftur orðnar jafngildar.“

- 2) Eftirfarandi færslu og eftirfarandi öðrum og þriðja undirlið er bætt við í fylgiskjali 4-B í 4. kafla:

„Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi landsyfirvöldum ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur sem þriðja landið beitir séu aftur orðnar jafngildar.“

- 3) Eftirfarandi færslu og eftirfarandi öðrum og þriðja undirlið er bætt við í fylgiskjali 5-A í 5. kafla:

„Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi landsyfirvöldum ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem þriðja land beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um aðgerðir, þ.m.t. aðrar ráðstafanir, sem staðfesta að flugverndarkröfur sem þriðja landið beitir séu aftur orðnar jafngildar.“
